



---

## STEFNUSKRÁ 2018-2022

---



*L-listinn*  
Bæjarlisti Akureyrar

- þar sem hugur fylgir máli -



1

**Halla Björk Reynisdóttir, 50 ára**

Flugumferðarstjóri

Ég vil setja fjölskylduna í forgang og tel að helstu áskoranir næstu ára verði að höfða til unga fólksins okkar. Ég vil fjölbreyttar lausnir í húsnæðis- og dagvistunarmálum. Ég tel að einn helsti vaxtarbroddur Akureyrar felist í að koma á beinu millilandaflugi á ársgrundvelli, þannig getum við aukið tekjurnar og staðið undir enn betri þjónustu við íbúa.



2

**Andri Teitsson, 51 árs**

Verkfræðingur

Ég vil gera grundvallarbreytingar á vinnumarkaði á Akureyri. Sveitarfélagið sjálft getur þar gengið á undan með góðu fordæmi enda stærsti vinnuveitandinn með um 1.700 starfsmenn. Aukum framboð á hlutastörfum, styttnum vinnudaginn niður í 7 klst., bjóðum sveigjanlegan vinnutíma og fjarvinnu þar sem það er mögulegt.

Í stjórnmálum er mikilvægt að setja fram skýra stefnumörkun í helstu málaflokkum. Kjósendur verða að vita hvað frambjóðendur hyggjast fyrir. Það er ekki síður mikilvægt að ljóst sé hvernig frambjóðendur hugsa. Afstaða og viðhorf skipta miklu máli í stjórnmálum. Við í L-listanum erum bjartsýn og jákvæð. Við sjáum mörg tækifæri til að gera Akureyri að enn betri bæ og auka lífsgæði bæjarbúa.

L-listinn vill bætt lífskjör fyrir alla bæjarbúa – ekki síst ungt fólk og barnafjölskyldur. Við leggjum ríka áherslu á að leysa dagvistunarmál með fjölbreyttum leiðum allt frá því að fæðingarorlofi lýkur. Við viljum að skólabærinn Akureyri verði með framúrskarandi skóla sem allir landsmenn horfa til. Við viljum halda áfram að vera í forystu í umhverfismálum. Við í L-listanum teljum að þétt öryggisnet sem grípur þá sem þess þurfa séu sjálfsögð mannréttindi og nauðsynlegt til að byggja upp gott samfélag. Grundvallarforsenda fyrir bættri þjónustu er betri tekjustofn. Akureyri hefur aðstöðu til að gera frábæra hluti, hér er búið að fjárfesta vel í innviðum. Með því að bjóða upp á bestu skólana og styðja vel við ungt fólk skapast hér skilyrði til fjólsfjöldunar sem er forsenda þess að nýta innviði betur og hafa fjármagn til að bæta félagslega þjónustu.





## Áherslur

Akureyrarbær er frábær staður til að búa á en þó má hvergi slaka á í að gera hann enn betri. Það þarf að halda vel á málunum til að bæta velferðarþjónustuna, sérstaklega fyrir þá sem minna mega sín eða standa höllum fæti.

Til að ná árangri þarf Akureyrarbær að vaxa upp í hæfilega stærð til að bjóða þjónustu eins og hún gerist best. Með því að setja Akureyri í fyrsta sæti gerum við sveitarfélagið að eftirsóknarverðasta stað landsins að búa á „**Hér er best að búa**“.

Til að þetta takist þarf að hlúa að öllum þáttum sem hjálpa góðum bæ að verða enn betri. Á Akureyri spilar uppbygging, sjálfbærni og fjölskylduvænt umhverfi saman á einstakan hátt.

### ÁHERSLUR

1. Að koma til móts við þarfir barnafólks með fjölbreyttum leiðum í dagvistunarræðum frá 12 mánaða aldri.
2. Að efla frístundastarf í grunnskólunum og tengja það betur íþrótt- og tómstundastarfi með það að markmiði að ná samfellu í vinnudag barna.
3. Að bjóða upp á gjaldfrjálstan leikskóla í 6 klukkustundir á dag.
4. Að allir hafi öruggt húsaskjól með áherslu á fjölbreytt búsetuúrræði.
5. Að fjölga íbúum - Markaðsetjum Akureyri - „Hér er best að búa“.
6. Að Akureyri verði áfram leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum.
7. Að tryggja jafnrétti sem leiðarstef í öllu íþrótt- og tómstundastarfi á Akureyri.
8. Að styðja betur við starfsfólk skóla og útskrifa skapandi, lífsglaða og sjálfsörugga nemendur í skólábænum Akureyri.
9. Að hafna hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki, s.s. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum.
10. Að gera tilraunir með styttingu vinnuvikunnar.
11. Að tryggja nægilega raforku til atvinnuuppbyggingar.
12. Að skipulagsmál verði færð í rafrænt notendaumhverfi.
13. Að koma á beinu millilandaflugi og treysta tengiflug við Keflavík.
14. Að kynja- og barnagleraugu verði sett upp við fjárhagsáætlunargerð.
15. Að fagleg vinnubrögð og gagnsæi verði aðalsmerki stjórnsýslu Akureyrar.

**L-listanum er treystandi fyrir því að leggja alla áherslu á Akureyri. X-L fyrir Lífsgæði**



3. Hildur Betty Kristjánsdóttir - Menntunarfræðingur, 44 ára

4. Þorgeir Rúnar Finnsson - Deildarstjóri, 33 ára



## Skóli

Börn eiga að fá bestu menntun og aðbúnað sem völ er á innan leik- og grunnskóla. L – listinn ætlar að huga enn frekar að velferð barna með því að öllum sé tryggð sú þjónusta sem þörf er á til að bregðast við t.d. andlegri líðan eða námserfiðleikum. Við viljum efla skapandi greinar með það að markmiði að gera námið fjölbreyttara. L – listinn ætlar að leggja áherslu á að móta nútímalega skólafestnu fyrir Akureyri.

### MARKMIÐ

- Að skólabærinn Akureyri verði með framúrskarandi menntastofnanir sem allir landsmenn horfa til.
- Að koma til móts við þarfir barnafólks með fjölbreyttum leiðum í dagvistunarúrráðum frá 12 mánaða aldri.
- Að efla frístundastarf í grunnskólunum og tengja það betur íþrótt- og tómstundastarfi með það að markmiði að ná samfellu í vinnudag barna.
- Að starfsumhverfi innan skólanna verði bætt, bæði með tilliti til starfsfólks og nemenda.
- Að koma á samstarfsvettvangi á milli menntastofnana, foreldra, menningar- og atvinnulífs.

### LEIÐIR

- Að klára vinnu við framsýna og metnaðarfulla skólafestnu Akureyrarbæjar.
- Við viljum gefa skólástjórnendum aukin tækifæri til faglegrar forystu og tryggja fjárveitingu til grunnskóla til þriggja ára í senn í stað eins árs.
- Að gerðar verði reglubundnar úttektir á vinnuaðstöðu barna og starfsfólks í leik- og grunnskólum.
- Búa til umgjörð sem laðar fagfólk til starfa í leik- og grunnskólum.
- Að efla ráðgjöf og stoðþjónustu og færa hana í meira mæli inn í leik- og grunnskólana í þeim tilgangi að styrkja skólastarf og bregðast fyrr við ef börn lenda í tilfinningalegum eða geðrænum vanda.
- Efla frístundastarf í grunnskólunum og tengja það betur íþrótt- og tómstundastarfi með það að markmiði að ná samfellu í vinnudag barna.
- Styttu biðtíma eftir sérfræðiþjónustu fyrir börn sem þurfa nánari greiningu á þörfum.
- Leita leiða við að nútímavæða kennsluhætti enn frekar og efla skólastarfið með þarfir nemenda að leiðarljósi, meðal annars til að sporna við brotthverfi.
- Efla enn frekar stuðning við nemendur af erlendum uppruna með fjölbreyttum kennsluháttum, fræðslu og einstaklingsmiðuðu námi.
- Frístund verði færð undir samfélagssvið og samstarf við íþrótt- og tómstundafélög eftl með það að markmiði að sporna gegn brottfalli úr íþrótt- og tómstundastarfi.
- Leggja aukna áherslu á starfsþróun starfsfólks í leik- og grunnskólum.
- Gera skapandi námi hærra undir höfði með því að auka vægi verk- og listgreina í skólastarfinu.

5. Geir Kr. Aðalsteinsson - Mannauðsstjóri, 43 ára

6. Anna Fanney Stefánsdóttir - Sjúkraliði, 28 ára



- Heimgreiðslur til foreldra/forráðamanna.
- Setja á laggirnar ungarnadeildir/ungbarnaleikskóla.
- Lækka hlut foreldra þegar kemur að greiðslum til dagforeldra.
- Bjóða upp á gjaldfrjálsan leikskóla í 6 klukkustundir á dag.
- Hvetja til enn frekara samstarfs milli leik- og grunnskóla.
- Setja á fót samráðshóp allra skólastiga með það að markmiði að efla samfellu og samvinnu.
- Leggja áherslu á samvinnu atvinnulífs, menningarlífs, foreldra og menntastofnana á Akureyri með það að leiðarljósi að nám fari fram þar sem best hentar á hverjum tíma og leiði til atvinnuþátttöku og tækifæra til frekara náms.
- Leggja áherslu á að efla félagslega færni, samkennd og leiðtogafærni nemandans.
- Fjölga valkostum í námi innan grunnskóla og skoða fjölbreytt rekstrarform menntastofnana.

## Velferð

Velferðarþjónusta er mikilvæg mælistika á gæði sveitarfélaga. Á Akureyri hefur verið byggð upp einstök velferðarþjónusta, við viljum halda áfram og gera enn betur. Við viljum að allir, ungir sem aldnir, geti notið þess að búa á Akureyri. Við viljum tryggja úrræði sem henta öllum og að upplýsingar um þau séu aðgengilegar og auðskiljanlegar. Meðal annars verður unnið gagngert að því að sporna við einmanaleika og félagslegri einangrun einstaklinga. L-listinn vill fjölga fjölbreyttu framboði á íbúðarhúsnæði og tryggja öllum íbúum öruggt húsaskjól. Við teljum að til þess að geta gert enn betur þurfi gott samtal og samstarf við notendur þjónustunnar.

### MARKMIÐ

- Að Akureyri verði áfram leiðandi sveitarfélag í þróun og uppbyggingu velferðarþjónustu, fyrir alla sem þurfa.
- Að auka samstarf deilda og stofnana bæjarins á sviði velferðarþjónustu.
- Að allir hafi öruggt húsaskjól með áherslu á fjölbreytt búsetuúrræði.
- Að Akureyrarbær verði í fremstu röð mótuneyta í stofnunum bæjarins þegar kemur að gæðum, næringu og ferskleika.
- Að auka gagnsæi og auðveldna upplýsingagjöf varðandi hvað er í boði fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda.
- Að koma á fjölbreyttari úrræðum fyrir fólk í vanda og heimilislausa.
- Að vinna áfram á þeirri braut sem mörkuð hefur verið í forvarnamálum og efla starfið með frekari þekkingu og auknu fjármagni.

7. Þorsteinn Hlynur Jónsson - Framkvæmdastjóri, 50 ára

8. Anna Hildur Guðmundsdóttir - Áfengis- og vímuefnaráðgj., 48 ára



## Húsnæðismál

- Áhersla skal lögð á að auka öryggi fjölskyldna í húsnæðismálum með því að stuðla að fjölbreyttu framboði íbúðarhúsnæðis, hvort sem um er að ræða félagslegt leiguhúsnæði eða húsnæði á almennum markaði.
- Stuðla að aukinni fjölbreytni í búsetukostum og nægu framboði húsnæðis fyrir námsmenn og þá sem eru að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaðnum.
- Tryggja fólki með fötlun fjölbreytt búsetuúrræði.
- Leitað verði leiða til að koma á öflugum húsnæðisleigumarkaði í samstarfi við ýmsa aðila.

## Fjölskyldan

- Eiga samræður við ríkisvaldið og stofnanir þess um að gerður verði heildstæður samningur um verkefni á sviði velferðar þar sem sanngjarnar greiðslur komi á mót.
- Meta þörf fyrir fjölbreytt úrræði sem ætlað er að grípa fólk í vanda og ráðast í nauðsynlegar aðgerðir í kjölfarið (t.d. áfangageimili, fjölskylduheimili).
- Leggja áherslu á samfellu í skóla- og frístundastarfi.
- Efla skal þjónustu við börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og þau sem glíma við geðræn vandamál.

## Aldraðir

- Samþætta þarf þjónustu við aldraða og auka ráðgjöf.
- Fara í nauðsynlegar endurbætur á húsnæði Öldrunarheimila Akureyrar.
- Við viljum byggja þjónustu á virkni og þátttöku aldraðra.
- Unnið skal eftir skýrri og gagnreyndri hugmyndafræði.
- Gæta að því að aldraðir njóti sömu möguleika á tómstundum og aðrir.
- Viðhalda þrýstingi á ríkisvaldið svo endurhæfingarpláss fáiast á öldrunarheimili.
- Styðja þarf við „Heilsuefandi heimsóknir“ sem er fyrsta samtal aldraðra og bæjarins um þá þjónustu sem öldruðum stendur til boða.
- Samstarf hjúkrunar- og öldrunarheimila verði aukið enn frekar með það að markmiði að gera eldri borgurum kleift að búa lengur í heimahúsi.
- Vinna með velferðarráðuneytinu að endurskoðun á grunni daggjalda.
- Nýta Öldungaráð Akureyrar til ráðgjafar um mál er varða eldri borgara.
- Einfalda upplýsingagjöf og umsóknarferli. Útbúa handbók sem inniheldur ítarlegar leiðbeiningar um hvað er í boði og hvert skal sækja þjónustuna.

9. Viðir Benediktsson - Skipstjóri, 58 ára

10. Brynhildur Pétursdóttir - Framkvæmdastjóri, 48 ára



## Fólk með fötlun

- Efla þarf íþrótt- og tómstundastarf.
- Aukin áhersla verður á notendastýrða þjónustu fyrir fólk með fötlun (NPA).
- Fjölbreyttari leiðir í atvinnumálum.
- Leggja áherslu á aukið sjálfstæði fólks með fötlun og frelsi þeirra til að ferðast.
- Fólki með fötlun og fjölskyldum þeirra skal standa til boða fjölbreytt stuðningsúrræði sem leiða til aukinna lífsgæða.

## Forvarnir

- Að forvarnarstarf sem unnið er í Rósenborg verði eftt enn frekar.
- Forvarnarstarf í framhaldsskólunum verði tengt Ungmennahúsi.
- Auka samvinnu stofnana bæjarins á sviði forvarna.
- Bjóða upp á fjölbreyttari sumarstörf fyrir ungmenni upp að 18 ára aldri.
- Tengja betur saman alla aðila sem vinna að forvörnum, s.s. skóla, velferðarkerfið, menningarstarf, íþróttir og tómstundir.
- Tryggja forvarnarfræðslu á öllum skólastigum árlega og auka forvarnarfræðslu á miðstigi grunnskóla.
- Efla Virkið enn frekar og þar með þjónustu við ungmenni.
- Rjúfa félagslega einangrun með markvissum hætti.
- Starfsmann inn í forvarnir.
- Úrræði fyrir fólk í neyslu.

## Umhverfi

Akureyri hefur getið sér gott orð í umhverfismálum og er þar í forystusæti. Akureyrarbær á stöðugt að sækja fram af metnaði í bæði umhverfis- og samgöngumálum. Akureyri á að vera í forystu þegar kemur að orkuskiptum í samgöngum. Við viljum halda áfram að vinna að hugmyndum um sjálfbæra þróun og þróunarvinnu Vistorku að kolefnishlutlausu samfélagi.

## MARKMIÐ

- Að Akureyri verði áfram leiðandi sveitarfélag í umhverfismálum.
- Að fráveitan verði til fyrirmyndar.
- Að vélakostur bæjarins verði vistvænn.



11. Jón Þorvaldur Heiðarsson - Lektor, 50 ára

12. Guðrún Karítas Garðarsdóttir - Viðskiptafræðingur, 47 ára



## LEIÐIR

- Umhverfisstefna bæjarins verði að fullu innleidd.
- Akureyri verði í fararbroddi við flokkun, meðferð og endurvinnsla úrgangs.
- Svífryk fari aldrei yfir skilgreind heilsuverndarmörk.
- Aukin fræðsla fyrir íbúa og ferðamenn um flokkun.
- Hættum allri óþarfa saltnotkun á götum.
- Þrífum bæinn betur og drögum þannig úr loftmengun.
- Fjölgum hleðslustöðvum og gerum átak í að fjölga möguleikum einstaklinga á að hlaða bíla nálægt heimilum sínum.
- Sett verði metnaðarfull markmið um að auðvelda orkuskipti og þeim náð m.a. í samvinnu við Norðurorku í bílastæðahúsum og á lóðum fyrirtækja.
- Beinar aðgerðir til að fegra og snyrta, hjá fyrirtækjum og einstaklingum.
- Laga þarf ýmis útivistarsvæði og fjölga afþreyingarmöguleikum. Mikilvægt er að íbúar taki þátt í að móta umhverfi sitt í gegnum hverfisnefndir.
- Fráveitumál verði tekin föstum tókum og strandlengjan hreinsuð.
- Bærin annist áfram grasslátt á lóðum og blettum í eigu bæjarins.
- Allar bifreiðar og vinnuvélar í eigu Akureyrarbæjar verði knúnar innlendum vistvænum orkugjöfum.
- Vinna að orkuskiptum á skipum þegar þau liggja við bryggju á Akureyri, hvort sem það eru skemmtiferðaskip, fiskiskip eða hvalaskoðunarskip.
- Samræma þarf merkingar og skilti innan bæjarins sem og að bæta við merkingum á ensku.
- Halda áfram að merkja sögufræga staði og hús.
- Akureyringar verða hvattir til að hugsa vel um eigin hús og lóðir, t.d. með því að veita umhverfisviðurkenningar.
- Minnka matarsóun, fundnar verði leiðir til að draga úr matarsóun í mötuneytum bæjarins.
- Bætum umbúðamenningu með það að markmiði að draga úr plastnotkun.
- Auka jafnt og þétt við gang-, hjóla og reiðstíga. Gerum bæinn hjólavænan.
- Átak verði gert í að útrýma óæskilegum gróðri í Hrísey.

## Íþróttir & tómstundir

Íþróttir og tómstundir efla andann, styrkja líkamann og auka samkennd. Í félögum og klúbbum bæjarins er unnið frábært starf í keppni og leik. L-listinn vill byggja á nýrri íþróttastefnu Akureyrarbæjar sem gerir ráð fyrir að rekin verði færri, stærri og faglegri íþróttafélög í bænum. Fámennari greinar fá þannig faglega umgjörð og geta einbeitt sér að sjálfri íþróttastarfseminni. Byggðir verði upp 3-4 sterkir íþróttakjarnar í bænum. Við viljum



13. Róbert Freyr Jónsson - Sölustjóri, 45 ára

14. Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir - Kennari, 44 ára



tengja íþrótt- og tómstundaiðkun yngri barna við frístund í skólum þannig að sem flest börn geti lokið vinnudegi sínum kl. 16.

## MARKMIÐ

- Að fjölga þátttakendum á öllum aldri í íþrótt- og tómstundastarfi.
- Að tryggja jafnrétti sem leiðarstef í öllu íþrótt- og tómstundastarfi á Akureyri.
- Að flétta fjölbreytt íþrótt- og tómstundastarf inn í vinnudag yngstu bekkja í grunnskóla.
- Að tryggja öllum börnum aðgang að íþrótt- og tómstundastarfi án tillits til efnahags.
- Að íþróttabærinn Akureyri standi undir nafni sem slíkur.

## LEIÐIR

- Byggja upp aðstöðu á svæðum KA og Þórs í samræmi við framtíðaráætlanir félaganna.
- Kanna mögulega þátttöku einkaaðila í rekstri Hlíðarfjalls og halda áfram uppbyggingu á svæðinu.
- Skipuleggja frístund grunnskólanna með tengingu við íþrótt- og tómstundastarf. Skapa samfellda og áhugaverða dagskrá þannig að börn í 1. til 4. bekk grunnskóla ljúki sínum vinnudegi kl. 16.
- Viðhalda öflugri uppbyggingu á tómstundastarfi og hvetja til betri nýtingar á frístundarstyrknum.
- Frístundastyrkur bæjarins hækki í 51 þúsund krónur fyrir lok kjörtímabilsins og verði fyrir börn upp í átján ára.
- Sérstakur fjárstuðningur við börn til íþrótt- og tómstundastarfs ef fjölskylduaðstæður eru erfiðar.
- Tökum upp formlegar viðræður við stjórnvöld um nýjan samning vegna áframhaldandi samstarfs um uppbyggingu aðstöðu til vetraríþróttar og reksturs Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands á Akureyri.
- Móta stefnu fyrir tómstunda- og félagsstarf aldraðra.
- Auka stuðning við jaðaríþróttir.
- Setja færanlegt gólf í Bogann.

## Mannréttindi og samfélag

L – listinn leggur áherslu á að jafnrétti verði í öndvegi. Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki. Við viljum sveitarfélag þar sem íbúar eru jafnir án tillits til kyns, þjóðernis, trúar, aldurs, fötlunar, fjárhags eða annarrar stöðu.

## MARKMIÐ

- Að jafnrétti verði í öndvegi.



15. Maron Pétursson - Sölustjóri, 50 ára

16. Birna Baldursdóttir - Menntunarfræðingur, 37 ára

- Að óútskýrðum launamun kynjanna verði útrýmt og Akureyrarbær fái jafnlaunavottun.
- Að Akureyrarbær verði fjölskylduvænni vinnustaður.
- Að aðgengismál í bænum verði bætt.
- Að fylgja eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

## LEIÐIR

- Jafnrétti kynjanna á að vera ófrávikjanleg regla í allri stjórnsýslu Akureyrarbæjar.
- Umræða um jafnréttismál á vettvangi bæjarins verði efld.
- Áfram verði unnið markvisst að því að leiðrétta óútskýrðan launamun kynjanna.
- Styðja bætt launakjör kvennastétta.
- Sérstök áhersla verði á að Akureyrarbær og stofnanir hans bjóði hlutastörf, sveigjanlegan vinnutíma, fjarvinnu og styttri vinnudag.
- Gera tilraunir með styttingu vinnuvikunnar.
- Gerð verði úttekt á aðgengismálum hjá Akureyrarbæ í samstarfi við hagsmunasamtök og að aðgengi fólks með skerta hreyfigetu verði bætt hjá öllum stofnunum bæjarins.
- Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og öll ákvæði hans verði virt, ekki síst það að einstaklingar eru börn til átján ára aldurs.
- Börn og ungmenni verði höfð með í ákvarðanatöku um málefni þeirra þegar það á við. Sama gildir um aðra hópa.
- Samvinna nefnda bæjarins við ungmennaráð, notendaráð fatlaðra og öldungaráð verði aukin.
- Við höfnum hvers konar mismunun sem gerir greinarmun á fólki, t.d. eftir kynþætti, kynferði, tungu, trú, þjóðerni, kynhneigð, búsetu eða stjórnmálaskoðunum.

## Skipulag og samgöngur

Gott skipulag auðveldar daglegt líf okkar allra. Greið leið í skóla og vinnu, stuttar vegalengdir. Þéttari byggð leiðir af sér orkusparnað og minni mengun. Öflugar samgöngur við höfuðborgarsvæðið og við útlönd skipta miklu máli í nútímaþjóðfélagi.

## MARKMIÐ

- Að þetta byggð þar sem því verður við komið.
- Að skipulagsmál og lóðaúthlutanir verði unnin í gagnsæju ferli.
- Að gert verði ráð fyrir nýrri höfn á Dysnesi og að íbúðabyggð á Oddeyartanga verði langtíma markmið.
- Að unnið verði markvisst að því að gera Akureyri vistvænni og vinna að því að uppfylla Parísarsáttmálann.

17. Helgi Snæbjarnarson - Pípulagningarmaður, 52 ára

18. Ólöf Inga Andrésdóttir - Skólástjóri, 53 ára



17



18

- Að standa vörð um flugvöll á höfuðborgarsvæðinu.
- Að leggja allar raflínur innan bæjarmarka í jörð.
- Að lokið verði við uppbyggingu á Akureyrarflugvelli.

## LEIÐIR

- Komum upp vef betriakureyri.is til þess að auðvelda Akureyringum að hafa áhrif á umhverfi sitt.
- Lokið verði við deiliskipulag fyrir öll hverfi bæjarins.
- Bjóða út tilbúnar lóðir í grónum hverfum.
- Bæta þarf vagni við strætókerfi bæjarins.
- Skoða þarf fleiri lausnir til að takmarka hraðakstur á götum bæjarins.
- Tökum upp samning við KA um Akureyrarvöll og efnum til hugmyndasamkeppni um framtíðaruppbyggingu svæðisins.
- Ráðist verði í heildstæða vinnu við stígakerfi bæjarins enda hjóla- og göngustígar sífellt mikilvægari samgönguæðar.
- Gert verði gagnvirk kort yfir stígana sem verður aðgengilegt í snjallsímum.
- Bærin markí sér stefnu um að liðka til fyrir uppbyggingu eldri hverfa, s.s. með uppkaupum eigna.
- Sérstaklega verði hugað að samgöngumálum við Hrísey og Grímsey. Það þarf að gerast í samvinnu við ríkisvaldið sem heldur úti samgöngum við eyjarnar.
- Aukin áhersla verði lögð á góða samvinnu við hverfisnefndir um umhverfis- og skipulagsmál.
- Að skipulagsmál verði færð í rafrænt notendaumhverfi.
- Nægt framboð lóða til íbúða og atvinnustarfsemi verði tryggt.
- Umsóknum til skipulagsdeildar verði svarað innan tveggja virkra daga og svarið gert aðgengilegt á íbúagátt.
- Styðja við að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni þar til önnur og betri lausn finnst.

## Menning

Akureyri er menningarbær. Öflugt lista- og menningarlíf glæðir allt mannlíf í bænum og laðar að sér ferðamenn. L-listinn vill efla enn frekar menningarstofnanir bæjarins. Blómlegt menningarlíf endurspeglar samfélagið og veitir lífsfyllingu.

## MARKMIÐ

- Að efla menningarstarf fyrir alla aldurshópa.
- Að Akureyri standi jafnfætis Reykjavík þegar menningarstyrkjum er útdelt.

19. Sæbjörg Sýlvía Kristinsdóttir - Rekstrarfræðingur, 52 ára

20. Matthías Rögnvaldsson- Framkvæmdastjóri, 46 ára



- Að tengja enn betur starfsemi menningarstofnana inn í skólastarf.
- Að fjölbreytt menningarstarf verði aðdráttarafl fyrir Akureyri.

## LEIÐIR

- Efla menningar- og listalíf með tilliti til atvinnulífs. Menningarsamningar við ríkið verði sambærilegir því sem menningarstofnanir í Reykjavík eru með.
- Vinna safnastefnu.
- Ramma inn barnamenningu með áherslu á menningu með börnum og fyrir börn.
- Barnamenningarhátíð verði haldin árlega t.d. undir hatti verkefnastjóra barnamenningar.
- Menningarstofnanir bæjarins komi með virkari hætti að starfi frístundar í grunnskólunum í því augnamiði að virkja ungmenni til athafna.
- Fjölga skapandi sumarstörfum. Öll ungmenni ættu að hafa tækifæri til að taka þátt í þeim.
- Hlúa að lista- og menningarstarfsemi í Listagili sem er einstakt á Íslandi og nýta vel þau tækifæri sem skapast með endurnýjuðu Listasafni.
- Efna til árlegrar hugmyndasamkeppni um skreytingar Listagilsins.
- Söngvaflóð samvinnuverkefni TónAk og grunnskólanna er dæmi um vel heppnað frumkvöðlastarf, eflum slíkt.
- Styðjum við starf Leikfélags Akureyrar, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Hofs undir merkjum MAK
- Styðjum við listnám á háskólastigi.
- Menning og listir verði einn af lykilþáttum í markaðsstarfi Akureyrar.
- Nýta betur möguleika Hofs til ráðstefnuhalds.

## Atvinna

L-listinn vill að sveitarfélagið skapi hagkvæm skilyrði fyrir atvinnulífið og stuðli að stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja sem og að styðja við eldri. Sveitarfélagið á að vera reiðubúið til að auka eigin fjárfestingar tengdar atvinnuuppbyggingu, s.s. á Akureyrarflugvelli, og styðja þannig við verkefni sem skila tekjum í framtíðinni. Vinna þarf að markvissri markaðssetningu bæjarins fyrir innlenda og erlenda fjárfestingu. L-listinn vill að nýsköpun verði öflug stoð í fjölbreyttu og kröftugu atvinnulífi. Munum að mörg stórfyrirtæki í heiminum byrjuðu í bílskúr. Fjölgum íbúum, sköpum ný atvinnutækifæri og tryggjum að í Eyjafirði verði blómleg byggð til framtíðar.

## MARKMIÐ

- Að koma á beinu millilandaflugi og treysta tengiflug við Keflavík.
- Að styrkja Akureyri sem áfangastað og auka aðdráttarafl bæjarins að vetrarlagi.

21. Silja Dögg Baldursdóttir - Fjölmiðlafræðingur, 35 ára

22. Oddur Helgi Halldórsson - Blikksmiður, 59 ára



- Að fjölga íbúum - Markaðssetjum Akureyri - „Hér er best að búa“.
- Að efla frumkvöðlastarfsemi.
- Að verja þau störf sem fyrir eru.
- Að fjölga atvinnutækifærum.

## LEIÐIR

- Koma á beinu millilandaflugi með beinni þátttöku bæjarins við að tryggja fjármagn.
- Klára uppbyggingu á flughlaði og flugstöð á Akureyrarflugvelli.
- Þrýsta á ríkisvaldið um aðgerðir til að jafna flutningskostnað.
- Jafna eldsneytiskostnað til að auka samkeppnishæfni svæðisins.
- Hefja samtal við nágrannasveitarfélög um kosti sameiningar sveitarfélaga með það að markmiði að styrkja Eyjafjarðarsvæðið enn frekar.
- Verja opinber störf í bænum og herja á ríkið um flutning nýrra starfa.
- Markaðssetja Akureyri í samvinnu við fyrirtækin á svæðinu - „Hér er best að búa“
- Efla samstarfsvettvang Akureyrarbæjar og atvinnulífsins.
- Skapa ákjósanleg skilyrði fyrir atvinnulífið, styrkja innviði svo sem samgöngur og lóðarframboð og tryggja næga orku.
- Stefna á samrekstur Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Eyþings.
- Hefja uppbyggingu þjónustu- og iðnaðarsvæðis við Dysnes.
- Efla Hafnarsamlagið út með firði og nýta tækifæri sem skapast samhliða.
- Tryggja nægilega raforku til atvinnuuppbyggingar í samvinnu við Landsnet og með uppbyggingu smávirkjana og vindorku.
- Gera meira úr sérstöðu Hríseyjar og Grímseyjar og vinna náið með heimafólki að þróun fjölbreyttari atvinnustarfsemi.

## Ferðapjónusta

- Akureyrarbær stígi ákveðnar inn í að opna gátt inn í landið um Akureyrarflugvöll.
- Ríkið og Ísavia verði krafði svara um áform sín um þjónustu á Akureyrarflugvelli.
- Halda áfram með uppbyggingu í Hlíðarfjalli með það að markmiði að það verði áfangastaður allan ársins hring.
- Tökum að okkur eftirlit með Airbnb í samstarfi við ríkið.
- Lokið verði við framkvæmdir við Sundlaug Akureyrar.
- Listagilið verði aðdráttarafl og eflist sem áfangastaður.
- Uppbygging Nökkvasvæðis og Drottningarbrautar bjóði upp á fjölbreytta útivistarmöguleika og framboð á



- afþreyingu fyrir ferðamenn.
- Merkingar verði bætтар og upplýsingaskiltum fjölgað.
- Áfram verði frítt í strætó.

## Fjármál

Öguð fjármálastjórn er forsenda þess að allt annað geti blómstrað. L-listinn hefur tekið þátt í ábyrgri stjórn bæjarins síðastliðin átta ár. Við viljum halda áfram á sömu braut. Aðhaldið kemur frá bæjarbúum sjálfum. Til þess þurfa þeir gott aðgengi að upplýsingum um stöðu mála.

### MARKMIÐ

- Að gæta aðhalds í rekstri.
- Að auka fagmennsku og gagnsæi við áætlanagerð.
- Að gera opið bókhald aðgengilegra og vinna að frekari þróun þess.
- Að kynja- og barnagleraugu verði sett upp við fjárhagsáætlunargerð.

### LEIÐIR

- 10 ára áætlun bæjarins er lifandi plagg og á að vera í reglulegri endurskoðun.
- Fjárhagsupplýsingar bæjarins verði gerðar aðgengilegri og þær settar fram á einfaldan hátt.
- Gera vandaðar og raunhæfar kostnaðaráætlanir og fara eftir þeim.
- Teknar verði upp viðræður við fjármálaráðuneytið og ríkisstofnanir um bætt upplýsingaflæði milli ríkis og sveitarfélaga, einkum er varðar tekjustofna sveitarfélagsins.
- Þegar fjármagni er úthlutað skal markvisst skoðað hvernig það snertir hin mismunandi kyn sem og hvernig það kemur við börn.

## Stjórnsýsla

Tilgangurinn með stjórnsýslunni er að þjónusta íbúa Akureyrarbæjar og við hjá L-listanum gerum þá kröfu að viðhöfð séu fagleg vinnubrögð, erindum sé svarað fljótt og að ákvarðanir séu teknar út frá almennum forsendum. Fólk á að geta treyst því að jafnræði og sanngirni séu viðhöfð í stjórnsýslunni.

### MARKMIÐ

- Að fagleg vinnubrögð og gagnsæi verði aðalsmerki stjórnsýslu Akureyrar.
- Að jafnréttis og jafnræðis verði gætt í hvívetna.
- Að innleiða rafræna stjórnsýslu.
- Að tryggja íbúalýðræði.
- Að auka hlut þjónustu- og gæðakannana.

### LEIÐIR

- Faglega ráðinn bæjarstjóri, sem er sameiningartákn allra íbúa sem og stjórn málaafila.
- Allar ákvarðanir og gjörðir kjörinna fulltrúa og embættismanna skulu einkennast af faglegum vinnubrögðum og gagnsæi.
- Störf hjá bænum verði auglýst á landsvísu og unnið með allar umsóknir á faglegan hátt.
- Gerðar verði reglulegar þjónustu- og gæðakannanir á afgreiðslu erinda sem berast stjórnsýslunni.





- Jafnræðis skal gætt þegar gæðum bæjarins er úthlutað og leikreglur virtar.
- Sett verði fram skýr og markviss stefna um rafræna stjórnsýslu.
- Gerum bæjarbúum kleift að sinna erindum sínum rafrænt.
- Íbúalýðræði verði skilgreint nákvæmlega og tillögur gerðar um hvenær það beri að virkja.
- Starf hverfisnefnda verði eftl m.a. með fjárveitingarvaldi.
- Bæjarstjórn Akureyrar verði opin fyrir sameiningu við nágrannasveitarfélög.
- Íbúakorti verði komið á, þar sem Akureyringum gefst kostur á að nýta þjónustu bæjarins á góðum kjörum.

## Hafnarmál

Hafnirnar eru meðal mikilvægustu lífæða bæjarins og þær ber að umgangast sem slíkar. Um þær fara vörur og ferðamenn og margir bæjarbúar vinna störf sem tengjast höfnunum með beinum og óbeinum hætti.

### MARKMIÐ

- Að hafnirnar verði áfram ein af stoðum ferðapjónustu á svæðinu.
- Að hafnirnar séu hreinar og snyrtilegar.
- Að öryggismál séu ávallt eins og best verður á kosið.

### LEIÐIR

- Áfram skal bæta aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip.
- Klára framkvæmdir, í samræmi við nýtt miðbæjarskipulag, sem styrkja hafntengda ferðapjónustu.
- Hefja uppbyggingu þjónustu- og iðnaðarsvæðis við Dysnes.
- Gæta skal vel að því að hafnirnar séu hreinar og snyrtilegar enda fjölfarnir viðkomustaðir.
- Bjóða upp á hreina raforku fyrir skipin.
- Leguplássum fyrir smábáta verði fjölgað.







**L-listinn**  
*Bæjarlisti Akureyrar*

Kosningastjóri:

Preben Pétursson

Sími 616 7777 / [preben@tvottur.is](mailto:preben@tvottur.is)

Oddviti:

Halla Björk Reynisdóttir

Sími 618 1400 / [l-listinn@l-listinn.is](mailto:l-listinn@l-listinn.is)

Kosningaskrifstofa L-listans er í gömlu Tónabúðinni